Skipverji slasast á hendi

Mál nr: **2025-060-S-022**

Dagsetning: **30. nóvember 2025**

Staðsetning: **Vestur af Garðskaga**

Atvik: **Slasast við vinnu með slípirokk**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 30. nóvember 2025 var Viðey RE 50 á leið til hafnar í Reykjavík. Skipið var statt út af Garðskaga í um það bil tveggja tíma siglingu til hafnar í Reykjavík. Veður var austan 23 m/s og sjólítið. Skipverji var við vinnu við veiðarfæri með slípirokk sem skaust í hönd hans.

1. Helstu staðreyndir

Viðey RE 50

Skipaskrárnr. 2895

Útgerð: Brim hf.

Smíðaður: Celiktrans Shipyard, Istanbul, 2017

Stærð: 1827 BT.

Mesta lengd: 55 m

Breidd: 14 m

Vél: M.A.K. 2017, 1795 kW

Fjöldi skipverja: 6

Gögn:

Gögn RNSA

Gögn LHG

2. Atvikalýsing

Þann 30. nóvember 2025 var Viðey vestur af Garðskaga á leið til Reykjavíkur eftir veiðiferð. Hraði skipsins var 9,5 sjómílur og stefnan 79°. Veður var austan 23 m/sek en sjólítið þar sem skjól var af landi.

Verið var að skera bensli sem voru upp við keðjuna á trolli með slípirokk. Búið var að hífa upp vængina. Skipverjinn hélt á slípirokknum með hægri hendinni og hélt með hinni í keðjuna. Slípirokkurinn rakst í keðjuna með þeim afleiðingum að hann skaust upp og fékk skipverjinn skurðarskífu slípirokksins í vinstri höndina. Skarst hann illa og fór skurðarskífan í slagæð milli þumal- og vísifingurs.

Búið var um sárið í samráði við lækni en skipið kom til hafnar í Reykjavík tveimur tímum síðar og var hinn slasaði fluttur á sjúkrahús.

3. Greining og niðurstöður

Allar hlífar voru til staðar á slípirokknum og hinn slasaði var með hlífðargleraugu og í vettlingum.

Að sögn hins slasaða var hann ekki með athyglina nægilega vel á að slípirokkurinn gæti skotist upp.

Að sögn skipstjóra veit áhöfnin að það eigi að hafa báðar hendur á slípirokk þegar hann er notaður.

Búið var um sárið í samráði við lækni Landhelgisgæslunnar. **Öll viðbrögð við slysinu um borð voru til fyrirmyndar.**

4. Mikilvæg ábending

Brýna ætti fyrir mönnum hvernig standa ber að því að nota slípirokk og hætturnar við notkun þeirra.

Lokaskýrsla samþykkt þann 16. mars 2026

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Hilmar Snorrason

Hjörtur Emilsson

Geirþrúður Alfreðsdóttir

F.h. RNSA

Jón Pétursson Rannsóknarstjóri Siglingasviðs.